

Aðalfundur SNS – Samtaka náttúrustofa - FUNDARGERÐ

haldinn 27. nóvember 2023 í netheimum (Teams)

Þorkell Lindberg Þórarinsson fundarstjóri
Kristín Ágústsdóttir fundarritari

Forstöðumenn allra náttúrustofa mættu á fundinn en einnig sátu fundinn Áslaug Lárusdóttir og Guðrún Óskarsdóttir frá NA sem eru skoðunarmenn reikninga, alls var fundarfólk 10 talsins.

Eftirfarandi forstöðumenn voru mættir:

Róbert Arnar Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands

Sigurður Halldór Árnason, Náttúrustofu Vestfjarða

Starri Heiðmarsson, Náttúrustofu Norðurlands vestra, meðstjórnandi í stjórn SNS 2023

Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofu Norðurlands eystra, formaður í stjórn SNS 2023

Lilja Jóhannesdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands

Erpur Snær Hansen, Náttúrustofu Suðurlands

Sindri Gíslason, Náttúrustofu Suðvesturlands

Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofu Austurlands, meðstjórnandi í stjórn SNS 2023

1. liður. Skýrsla stjórnar.

Kristín fór yfir skýrslu stjórnar frá 30. september til 31. desember 2023 og Þorkell Lindberg Þórarinsson fór yfir starfsskýrslu núverandi stjórnar frá **1. janúar 2023 til 23. nóvember 2023**. Skýrslurnar eru fylgiskjal með fundargerð þessari.

Skýrslur bornar upp og samþykktar samhljóða.

2. liður. Afgreiðsla reikninga.

Fyrir liggur ársreikningur SNS fyrir árið 2022 sem gjaldkeri, SG, hefur tekið saman. Skoðunarmenn hafa yfirfarið og samþykkt reikninginn fyrir sitt leyti. Rekstrartap ársins nam samtals 47.733 kr. Engar tekjur voru á árinu vegna þess að ákveðið var á aðalfundi SNS árið 2022 að innheimta ekki árgjöld árið 2023. Eigið fé í árslok var 987.947 kr. og var það allt handbært fé. Fundurinn þakki Sindra og skoðunarmönnum fyrir vel unnin störf. Lilju þakkað fyrir geymslu á möppum reikninga.

Reikningar voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

3. liður. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar fyrirleggjandi.

4. liður. Kosning stjórnar og gjaldkera

Samkvæmt reiknireglu SNS mun Þorkell Lindberg Þórarinsson NNA ganga úr stjórn um áramót. Starri Heiðmarsson NNE tekur við formennsku. Kristín Ágústsdóttir NA situr áfram í stjórn og verður ritari og nýr kemur inn Sigurður Halldórsson NVF, meðstjórnandi. Breytingar á stjórn eru í samræmi við þær reiknireglur sem unnið hefur verið eftir varðandi stjórnarsetu forstöðumanna.

Tillaga um nýja stjórn árið 2024 borin upp og samþykkt samhljóða.

Sindri Gíslason var kjörinn gjaldkeri SNS á ársfundi samtakanna árið 2023.

Sindri Gíslason NSV samhljóða endurkjörinn gjaldkeri árið 2024.

5. liður. Skýrslur vinnuhópa og fulltrúa í nefndum.

a. Skýrsla vinnuhóps um ágengar tegundir (Menja, Sindri og Róbert)

Vinnuhópur SNS um ágengar tegundir starfaði á tímabilinu fyrst og fremst í gegnum ÍSÁT (Íslenskur Sérfræðingahópur um Ágengar Tegundir), sem Menja stýrir. Hópurinn var mjög virkur á tímabilinu og vinnur nú að faglegu áhættumati á stafafuru á Íslandi. Í kjölfarið verða aðrar framandi skógræktartegundir teknar fyrir. Hópurinn hefur einnig hafið undirbúning að málþingi um ágengar tegundir, sem vonandi verður haldið haustið 2024.

b. Samráðshópur um endurskoðun laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum (Menja).

Ekkert hefur gerst í þessu máli frá síðasti aðalfundi, þar sem nýtt frumvarp hefur ekki enn litið dagsins ljós, og ekki hefur verið boðið upp á samráð.

c. Samfélagsmiðlahópur (Áslaug)

Fésbókarhópur Náttúrustofa virkur en þó ekki mjög. Hver stofa mætti skoða hvort starfsmanna listi þeirra sé réttur hvort einhverja vanti eða einhverjir hættir.

d. Sjófuglahópur (Lindi)

Ekki var haldinn samráðsfundur um bjargfuglavöktun á þessu ári en þar koma venjulega saman aðilar frá þeim náttúrustofum sem koma að því verkefni, ásamt fulltrúum NÍ. Fundurinn hefur verið haldinn að frumkvæði Náttúrustofu Norðausturlands sem fer með verkefnisstjórn. Beðið var með að kalla slíkan fund saman þar til skýrsla fyrir vöktun árána 2020-2022 lægi fyrir. Skýrslugerð dróst á langinn og var skýrslunni ekki skilað fyrr en á haustdögum. Stefnt er að fundi snemma árs 2024.

e. Vatnshlotshópur (Sindri).

Enginn fundur á þessu ári.

f. Fagráð um náttúruminjaskrá (Stella).

Enginn fundur var haldinn í fagráði um náttúruminjaskrá á þessu ári.

g. Samráðsvettvangur um ráðstöfun tekna af sölu veiðikorta (Hálf dán)

Hálf dán hefur verið aðalmaður í nefnd um sjálfbærar veiðar undanfarin ár og Lilja kom inn sem varamaður Kristínar H. á síðasta aðalfundi. Skipunartími nefndarinnar rann út árið 2022. Þann 18. janúar óskaði Þórunn E. Karlsdóttir hjá Umhverfisstofnun eftir því að SNS skipaði fulltrúa í samráðsvettvang um ráðstöfun tekna af sölu veiðikorta. Þann 17. febrúar tilkynnti Þorkell Lindberg Þórarinsson glænýr formaður SNS Þórunni að náttúrustofur tilnefndu Hálf dán Helga Helgason frá Náttúrustofu Austurlands sem sinn aðalfulltrúa og Lilju Jóhannesdóttur frá Náttúrustofu Suðausturlands sem varafulltrúa. Tveir fundir hafa verið haldnir á árinu, en virkni vettvangsins verði lítil.

h. Mófuglahópur.

Engin formleg vinna árið 2023.

i. Fiðrildahópur (Aðalsteinn).

Fiðrildahópur hefur ekkert komið saman.

Ákveðið að fella út af fundarefni næsta fundar mófugla- fiðrilda- og samfélagsmiðlahóp.

6. liður. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Áslaug Lárusdóttir (NA) og Guðrún Óskarsdóttir (NA) endurkjörnar.

7. liður. Ákvörðun um árgjöld og/eða önnur framlög.

Lagt var til að fella niður árgjald til SNS vegna ársins 2024.

Samþykkt samhljóða.

8. liður. Önnur mál.

a) Ársþing SNS í Bolungarvík 2024

Ræddar hugmyndir um að samtvinna ársþing SNS sem á að fara fram í Bolungarvík árið 2024 í tíma við ársfund náttúruverndarnefnda, Umhverfisstofnunar og forstöðumanna náttúrustofa. Fyrir lágu tillögur um tvær mögulegar dagsetningar fyrir þann fund vorið 2024, þ.e. 21. mars eða 11. apríl 2024. SNS leggur til dagsetninguna 11. apríl fyrir þann fund ef það er mögulegt, sem hentar mun betur fyrir SNS. Samhliða er þá stefnt að ársþingi SNS í Bolungarvík þann 10. apríl 2024. Sigurður ræddi jafnframt hugmyndir um hvort auk þess verði skoðað að tvinna Vísindaping Vestfjarða við viðburðinn.


Sigurður vinnur áfram með málið.

b) Samningar ráðuneytisins við rekstrarsveitarfélag rennur út í árslok 2023

Málin rædd. Forstöðumenn hafa ekkert heyrt frá ráðuneytinu. Formaður SNS, Þorkell Lindberg minnti á þetta á fundi í ráðuneytinu í febrúar sl. og aftur var minnst á samninginn á fundi með ráðherra í júní sl. Málið reifað á fundinum.

Ákveðið að formaðurinn SNS sendi formlega ábendingu til ráðuneytisins um samningana.

Fundi slitið 12:00.




Róbert Arnar Stefánsson




Starri Heiðmarsson



Þorkell Lindberg Þórarinnsson



Lilja Jóhannesdóttir



Sigurður Halldór Árnason



Kristín Ágústsdóttir



Sindri Gíslason

Erpur Snær Hansen

Skýrsla stjórnar Samtaka náttúrustofa 30.9.2022 - 31.12.2022

Stjórn (sami texti og í aðalfundargerð 2022)

Um áramótin 2021/2022 gekk Erpur Snær Hansen (NS) formaður úr stjórn og inn kom Kristín Ágústsdóttir (NA). Fyrir í stjórn voru Aðalsteinn Örn Snæþórsson (NNA) að hefja sitt 2. ár og Róbert A. Stefánsson (NVL) að hefja sitt 3. ár. Til stóð að Aðalsteinn Örn yrði formaður árið 2022, en vegna forstöðumannaskipta á Náttúrustofu Norðausturlands kom Þorkell Lindberg Þórarinsson inn í hans stað. Stjórn kom sér saman um að Kristín Ágústsdóttir yrði formaður árið 2022, en að Þorkell Lindberg yrði formaður árið 2023.

Fundir stjórnar SNS og forstöðumanna á tímabilinu

Frá 29. september til ársloka 2022 var haldinn einn forstöðumannafundur og einn stjórnarfundur í SNS.

Ársfundur náttúruverndarnefnda og forstöðumanna náttúrustofa

Í lögum um náttúruvernd er tilgreint að halda skuli a.m.k. sameiginlegan fund náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar og forstöðumanna náttúrustofa á ári. Lengi vel skipulagði Umhverfisstofnun svokallaðan ársfund án aðkomu annarra, en síðastliðin 3-4 ár hefur starfað samráðsvettvangur fulltrúa Umhverfisstofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og SNS um undirbúning og skipulag árlegs fundar. Kristín Hermannsdóttir (NSA) og Kristín Ágústsdóttir (NA) hafa starfað í þeim samráðsvettvangi f.h. SNS frá upphafi. Árið 2022 fór fundurinn fram í Grindavík þann 10. nóvember og flutti Kristín Ágústsdóttir formaður SNS erindi á fundinum.

Tilnefning í ráðgjafarnefnd fagstofnanna og eftirlitsaðila vegna laga um stjórn vatnamála

Í nóvember 2022 var óskað eftir að SNS tilnefndi aðalfulltrúa og varafulltrúa í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila vegna laga um um stjórn vatnamála. Sindri Gíslason (NSV) var tilnefndur sem aðalamaður og Erlín E. Jóhannsdóttir (NA) sem varamaður.

Umsagnir

Í skýrslu formanns SNS fyrir fyrri hluta ársins 2022 sem flutt var á aðalfundi SNS í Borgarnesi í september 2022 og kemur fram í aðalfundargerð SNS fyrir árið 2022 var ranglega sagt að umsagna SNS hefði ekki verið óskað í neinum þingmálum á því tímabili. Hið rétta er að í mars 2022 var óskað eftir umsögn SNS um frumvarp matvælaráðherra til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), 152. löggjafarþing 2021-2022, þingskjal 490, 350. mál. SNS skilaði inn umsögn og voru fulltrúar samtakanna í kjölfarið boðuð á fund hjá atvinnuveganefnd Alþingis í gegnum Teams þann 17. mars. Á fundinn fóru Róbert A. Stefánsson (NVL) og formaðurinn Kristín Ágústsdóttir (NA).

Þá skilaði SNS inn umsögn um Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa í október 2022.

Fylgiskjal 1

Breyting á prókúru

Í kjölfar þess að Kristín Hermannsdóttir (NSA) hætti sem gjaldkeri SNS þurfti að breyta prókúru félagsins svo Sindri Gíslason (NSV) hefði heimildir til að sýsla með fé samtakanna. Var það gert í lok október þegar skilað var inn tilkynningu til fyrirtækjaskrár um breytingar á stjórn/prókúru, ásamt fundargerð sem staðfesti þá breytingu og tilkynningu um úrsögn úr stjórn.

Fjárframlag ríkisins

Að vanda sendi SNS inn erindi til fjárlaganefndar með hvatningu til að halda inni viðbótarframlagi fyrir rekstrarárið 2023 til náttúrustofa eins og undanfarin ár. Forstöðumenn náttúrustofa sendu samhljóða bréf á þingmenn sinna kjördæma þann 7. nóvember og málinu var fylgt eftir í óformlegum samtölum við þingmenn.

Virðingarfyllt, f.h. stjórnar SNS 2022



Kristín Ágústsdóttir
forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands
og formaður Samtaka náttúrustofa 2022

Skýrsla stjórnar Samtaka náttúrustofa 1.1.2023 - 23.11.2023

Um áramót 2022-2023 tók til starfa ný stjórn SNS, skipuð þeim Kristínu Ágústsdóttur, Starra Heiðmarssyni og Þorkeli Lindberg Þórarinssyni. Á sama tíma lauk stjórnarsetu Róberts Arnar Stefánssonar. Við formennsku tók Þorkell en árið 2022 hafði Kristín sinnt því hlutverki.

Fundir stjórnar

Á tímabilinu hefur stjórn einungis fundað tvisvar sinnum, 19. janúar og 22. nóvember. Á fyrri fundi var einkum til umræðu tilnefning í samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar, sbr. erindi frá Umhverfisstofnun þar um. Á þeim síðari var heldur meiri dagskrá en fjallaði fundurinn þá um undirbúning aðalfundar, ríkisframlög til reksturs árið 2024, rekstrarsamninga sveitarfélaga og ríkis um náttúrustofurnar og umsagnir um þingmál. Fundargerðir stjórnar eru vistaðar hjá formanni.

Fundir forstöðumanna

Árið 2023 hefur verið meiri áhersla á almenna fundi forstöðumanna og hafa verið haldnir fimm slíkir á árinu:

- 1. febrúar var haldinn Teams fundur meðal forstöðumanna þar sem rætt var um þátttöku náttúrustofa í viðbragðshóp um hvalreka. Tilfnið var erindi frá Hafrannsóknarstofnun, þar sem óskað var eftir þáttöku stofanna. Einnig vær rætt um framlag ríkis og viðbótarframlag og fund með ráðherra, auk verkefna vegna vöktunar náttúruverndarsvæða á árinu. Fundargerð rituð.
- 9. mars hittust forstöðumenn á Teams fundi til að ræða áætlun NÍ um vöktun náttúruverndarsvæða, sem send hafði verið til náttúrustofa þann 2. mars. Formaður SNS sendi í kjölfar fundarins viðbrögð náttúrustofanna við áætluninni, sem á þessu stigi fólust í ósk um að NÍ endurskoðaði tímagjald í verkefninu og aukið gagnsæi heildarútgjalda í verkefninu. Fundargerð ekki rituð.
- 28. júní hittust forstöðumenn á stuttum Teams fundi í aðdraganda fundar með umhverfisráðherra. Farið var yfir það helsta sem ræða þyrfti: Rekstrargrundvöll náttúrustofa, sameiningar stofnana, framtíðarsýn náttúrustofa og rekstrarsamninga. Fundargerð ekki rituð.
- 17. ágúst hittust forstöðumenn á Teams fundi þar sem rædd var tilnefning fulltrúa náttúrustofa í undirbúningsnefnd ársfundar náttúrustofa, UST og náttúruverndarnefnda, beiðnir URN varðandi grunnupplýsingar (sbr. niðurstöðu fundar með ráðherra 28. júní – sjá hér á eftir) og vöktunarverkefni. Einnig var rædd fyrirspurn til SNS vegna verndunar hafsvæða og tímasetning aðalfundar SNS haustið 2023. Fundargerð rituð.
- 20. október. Hittust forstöðumenn á Teams fundi til að leggja helstu línur fyrir aðalfund SNS og undirbúa fund með forstjóra NÍ þann 26. október. Ákveðið var að fresta aðalfundi til 27. nóvember en áður hafði hann verið ráðgerður samhliða fundinum með forstjóra NÍ. Fundargerð ekki rituð.

Fundur með ráðherra

Í byrjun febrúar óskaði formaður eftir fundi með ráðherra, sbr. ákvörðun á fundi forstöðumanna þann 2. febrúar. Úr varð að boðið var til Teams fundar miðvikudaginn 28. júní. Vegna þess hversu illa

Fylgiskjal 2

Þessi dagsetning hitti á aðal annatíma náttúrustofanna við vettvangsrannsóknir varð undirbúningur fundarins fremur snubbóttur af hálfu stjórnar SNS. Boðað var til almenns spjalls forstöðumanna á Teams fyrir fundinn með ráðherra þar sem helstu línur voru lagðar.

Helstu málefni sem rædd voru á fundinum voru rekstrargrundvöllur náttúrustofa, sameining og lagabreytingar innan málaflokks ráðuneytisins, tengsl náttúrustofa og ráðuneytis og rekstrarsamningar sveitarfélaga og URN.

Í máli ráðherra kom ekkert fram varðandi það hvort ráðuneytið hygðist hlutast til um að festa viðbótarfjárveitingu náttúrustofanna varanlega inn í ríkisframlaginu. Varðandi sameiningu og lagabreytingar lagði ráðherra áherslu á að hans sýn væri sú að hlutum ætti að sinna þar sem þeir eru og áhersla hans væri að færa störf út á land. Það yrði skrifað út í lögum um sameiningu stofnana. Hann taldi augljósa samlegð vera við nýja náttúruvísindastofnun, sem þá var í pípunum að búa til (sameining NÍ, LMÍ, Veðurstofunnar, RAMÝ, ÍSOR). Fannst honum að náttúrustofur ættu að eiga frumkvæði varðandi tækifæri sem þær sjá og kynna þau fyrir ráðuneytinu. Þá kom fram hjá ráðherra að hann væri áhugasamur og hefði trú á uppbyggingu þekkingarsamfélaga út um landið. Varðandi tengsl náttúrustofa og ráðuneytis kom fram að ráðuneytið taldi ómögulegt vegna manneklu að fulltrúi þess sæti í stjórnnum náttúrustofa, líkt og margoft hefur komið til umræðu milli náttúrustofa og ráðuneytis á undanförunum árum.

Á fundinum var ákveðið að náttúrustofur sendu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu (URN) sameiginlega upplýsingar um ýmsa þætti sem vörðuðu fjármál þeirra, húsnæði, mannauð og upplýsingatækni. Í kjölfar fundarins fékk formaður SNS sent skjal sem þessar upplýsingar voru settar inn í og var því skilað til ráðuneytisins þann 5. september. Í kjölfar þess óskaði ráðuneytið eftir frekari upplýsingum varðandi sértekjur náttúrustofanna og var þeim gögnum skilað þann 25. september. Ekkert hefur heyrst frá ráðuneytinu varðandi þessi gögn síðan.

Fundur með forstjóra NÍ

Forstjóri NÍ boðaði til lögbundins samráðsfundar með forstöðumönnum náttúrustofanna á Náttúrufraeðistofnun þann 26. október. Kynnt voru helstu samstarfsverkefni og í kjölfarið opnar umræður með forstjóra og framkvæmdastjórn NÍ. Engar ákvarðanir teknar en undirstrikað mikilvægi samstarfs þessara stofnana.

Ársfundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, UST og forstöðumanna náttúrustofa Sigurður Halldór Árnason var tilnefndur f.h. SNS í undirbúningsnefnd fundarins sem halda átti á Ísafirði. Fundinum var hins vegar frestað vegna veðurs. Til stendur að halda fundinn á Ísafirði árið 2024.

Útsend bréf

Erindi til fjárlaganefndar var sent 3. nóvember sl. Fjallaði það um fjárveitingar til náttúrustofa fyrir árið 2024 en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að tímabundin viðbótarfjárveiting til náttúrustofa falli niður. Óskað var eftir að fjárlaganefnd tryggði áfram rekstrargrunn náttúrustofanna með því að tryggja þeim auknar fjárveitingu, sem næmi 6 m.kr. pr. stofu, til framtíðar.

Beiðni frá ráðuneyti varðandi vöktunarverkefni

Fylgiskjal 2

Náttúrustofum barst sl. sumar beiðni frá URN varðandi þau vöktunarverkefni sem unnið er að á vegum þeirra, ásamt áætluðum kostnaði. Erindið var sent á hverja og eina stofu og sá hver stofa um að svara fyrir sig.

Umsagnir um þingmál

Tvær umsagnir um þingmál hafa verið sendar á árinu, þann 22.11.2023, varðandi tvær þingsályktunartillögur: annars vegar landsátak í uppgræðslu (61. mál) og hins vegar veiðar á gæsum og álfur utan veiðitíma (49. mál). Þriðja umsögn ársins er í farvatninu en hún fjallar um ný lög um Náttúrufræðistofnun (479. mál).

Húsavík, 27.11.2023

A handwritten signature in black ink, reading 'Þorkell L. Þórarinnsson'.

Þorkell Lindberg Þórarinnsson, formaður